



Fundargerð

347. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 10. janúar 2013, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomio, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka fjögur mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 346. fundur hreppsnefndar 11. desember 2012.

Farið yfir fundargerð, EK og GJO falið að ræða við formann fjallskilanefndar um fjallskilasjóð. Samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 7. janúar 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

- a. 1209011 – Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld í Reykhólahreppi.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

- b. 1202019 – Fasteignin Bjarg í Flatey.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

- c. 1112016 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í Reykhólahreppi.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

3. Mennta- og menningamálanefnd 9. janúar 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

- a. 1301013 – Verklagsreglur vegna skólaaksturs

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

- b. 1211011 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1208003 - Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga.

Áætlun Reykhólahrepps, svar við erindi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þann 29. júní 2012.

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir svar Reykhólahrepps við erindi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dagsett 31. desember 2012. Hreppsnefnd samþykkir svarbréf samhljóða.

2. 1301001 – Umsókn Reykhólahrepps til Jöfnunarsjóðs vegna skólaaksturs úr dreifbýli árið 2012.

Sveitarstjóri lagði fram umsókn Reykhólahrepps um framlag Jöfnunarsjóðs vegna íþyngjandi skólaaksturs árið 2012. Umsókn send Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 3. janúar 2013. Hreppsnefnd samþykkir umsóknina samhljóða.

3. 1301002 – Heimild til að afskrifa óinnheimtanleg þing- og sveitarsjóðsgjöld.

Erindi frá Sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 20. desember 2012.

Hreppsnefnd samþykkir erindið samhljóða.

4. 1301003 – Umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjald (framlenging gjaldtökuheimildar), 290. mál.

Erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 7. desember 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn um málið.

5. 1301004 – Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk Jöfnunarsjóðs), 291. mál.

Erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 7. desember 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn um málið.

6. 1301005 - Brunavarnir í Flatey.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar og Vatnsveitu Flateyjar dagsett 9. nóvember 2012.

Hreppsnefnd vísar erindinu til brunamála- og almannavarnanefndar Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

7. 1301006 – Áhrif nýrra upplýsingalaga á sveitarfélög með íbúa undir 1000 manns.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 28. desember 2012.

Kynnt.

8. 1301007 – Endurgreiðsla vegna minkaveiða.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 21. desember 2012.

Kynnt. Endurgreiðsla Umhverfisstofnunar vegna minkaveiða árið 2012 eru kr. 125.183,-.

9. 1301008 – Ályktun Skógræktarfélag Íslands.

Afgreiðsla frá Skógræktarfélagi Íslands dagsett 30. nóvember 2012.

Kynnt.

10. 1301009 - Fundargerð fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarða 14. desember 2012.

Kynnt.

11. 1301010 - Fundargerð 802. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

12. 1209009 - Búfjársamþykkt Reykhólahrepps og gjaldskrá vegna búfjárhalds.

GJO lýsti því yfir að hann teldi sig vanhæfan til þess að taka ákvörðun um málið, var það samþykkt og vék GJO af fundi.

Sveitarstjóri lagði fram sameiginlega umsögn Búnaðarfélags Reykhólahrepps og Sauðfjárræktarfélags Reykhólahrepps frá fundi félaganna 6. janúar 2013. Tekið var tillit til athugasemda, sveitarstjóra falið að svara spurningum sem koma fram. Einnig var lögð fram drög að gjaldskrá og drög að umsóknareyðublaði. Gjaldskrá og umsóknareyðublað samþykkt samhljóða.

GJO kom aftur inn á fund.

13. 1310016 - Samningur Reykhólahrepps og Búnaðarsamtaka Vesturlands um framkvæmd búfjárefnirlits árið 2013.

Hreppsnefnd samþykkir samning um framkvæmd búfjárefnirlits samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

14. 1301017 - Mötuneyti Reykhólahrepps.

GJO lagði fram tillögu þess efnis að mötuneytishópur verði virkjaður að nýju með það verkefni fyrir höndum að gera úttekt á mötuneyti Reykhólahrepps með það fyrir augum að meta hvað hafi heppnast vel og hvað megi betur fara og vinna að lausnum þess. Skýrsla hópsins verði lögð fyrir hreppsnefnd á fundi í febrúar.

15. 1301018 - Hitaveitumál.

GJO lagði fram fyrirspurn hvort ekki væri ráðlegt að hreppsnefnd fundi með Orkubúi Vestfjarða vegna hitaveitumála í Reykhólahreppi, stöðu réttinda og fl. Hreppsnefnd tilnefnir Gústaf Jökul Ólafsson, Eirík Kristjánsson og Svein Ragnarsson til þess að skoða stöðu mála. Samþykkt samhljóða.

16. 1301019 - Upplýsingamiðstöð og Reykhóladagar.

Fyrirspurn frá Hörpu Eiríksdóttur dagsett 6. janúar 2013, varðandi starfsmann á upplýsingamiðstöðina sumarið 2013 og umsjón með Reykhóladögum.

Gerð er tillaga að reynt verði að semja við Bata- og hlunnindasýninguna og Handverksfélagið Össu um rekstur upplýsingamiðstöðva á Reykhólum og Króksfjarðarnesi. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða. Samþykkt að auglýsa eftir umsjónarmanni með bæjarhátíðinni í sumar sem halda á 26.- 28. júlí 2013.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.15
